

**Sp.**

**180. Nefndarálit**

[1. mál]

um frv. til fjárlaga fyrir árið 1972.

Frá 1. minni hl. fjárveitinganefndar.

Eins og fram kemur á þskj. 174 og 177, flytur fjárveitinganefnd sameiginlega breytingartillögur við fjárlagafrumvarpið. Er það með sama hætti og átt hefur sér stað á undanförunum árum. Það skal þó tekið fram, að undirritaðir nefndarmenn áskilja sér rétt til að hafa óbundnar hendur um fylgi við tillögurnar í heild og hverja einstaka þeirra.

Enda þótt fjárlagafrumvarp það, sem hæstv. ríkisstjórn lagði fyrir Alþingi á fyrstu dögum þingsins, sé að upphæð um 3 milljörðum króna hærra en fjárlög yfirstandandi árs, var þegar í upphafi augljóst, að enn vantaði stórar fjárupphæðir á gjaldabálk fjárlagafrumvarpsins, svo að séð yrði á viðunandi hátt fyrir lágmarks-fjárveitingum til hinna ýmsu málaflokka.

Nú hefur fjárveitinganefnd lagt fram breytingartillögur sínar við frumvarpið, sem hún flytur við þessa umræðu málsins. Fela þær í sér stóraukin útgjöld, eða samtals um 764 millj. króna. Nemur þá heildarhækkun frá gildandi fjárlögum 3711 millj. kr. Er það algert met í hækkun fjárlaga á einu ári.

Hér verður þó ekki látið staðar numið. Enn liggur hjá nefndinni fjöldi erinda, sem hún á óatgreidd, og að minnsta kosti sum þeirra eru þess eðlis, að ekki verður hjá því komizt að veita þar nokkra úrlausn.

Til viðbótar þessu er svo um að ræða upphæðir, sem skipta hundruðum milljóna króna, eftir því sem séð verður, en þar mun framlag til almannatrygginga nema hæstri upphæð.

1. minni hluta fjárveitinganefndar er ljóst, að enn vantar mikið á, að unnt sé að gera sér grein fyrir því, hverjar verða munu hinar endanlegu niðurstöðutölur fjárlagafrumvarpsins, að því er varðar gjaldahlið þess. Enn síður liggja fyrir upplýsingar um það, hvernig ríkisstjórnin hyggst afla þess fjár, sem á vantar, til þess að endar nái saman og frumvarpið verði afgreitt greiðsluhallalaust. En það vill 1. minni hl. nefndarinnar taka skýrt fram, að hann telur með öllu óverjandi, ef til þess kæmi í slíku góðæri sem íslenska þjóðin á nú við að búa, að fjárlög yrðu afgreidd með tekjuhalla.

Eftir þeim upplýsingum, sem nú liggja fyrir, bendir allt til þess, að tekjur ríkissjóðs á yfirstandandi ári verði allt að 1200—1300 millj. kr. hærrí en þær eru áætlaðar í fjárlögum. Í slíku árferði væri ekki óeðlilegt að álykta, að staða ríkissjóðs hjá Seðlabanka Íslands væri mjög hagstæð. Þessu mun þó því miður ekki þannig farið. Ef borin er saman staða ríkissjóðs á viðskiptareikningi hans við Seðlabankann hinn 1. desember 1970 og 1. desember s. l., kemur í ljós, að skuld ríkissjóðs við bankann var hinn 1. des. 1970 um 316 millj. kr., en mun hins vegar hafa verið um 629 millj. kr. 1. des. s. l. Ríkissjóður hefur því þrátt fyrir góðærið og hinar óvenjumiklu umframtekjur hlaðið upp nýjum skuldum við Seðlabankann, sem nema rúmlega 300 millj. kr.

Hitt er svo annað mál, og það ber ríkisstjórninni að viðurkenna, að viðskilnaður fyrrv. ríkisstjórnar var með þeim hætti, að engin ný ríkisstjórn hefur tekið við blónlegra þjóðarbúi, enda gat hún viðstöðulaust og að því er virtist án umhugsunar ausið hundruðum milljóna króna úr ríkissjóði til þess m. a. að sýna þjóðinni, að nú væru stjórnmalaflokkar settir að völdum, sem ætluðu að standa við kosningaloforðin.

Þessi staða ríkissjóðs leyfði stjórninni m. a. að halda áfram verðstöðvuninni til áramóta og láta einnig koma til framkvæmda lög um auknar lífeyris- og örorkubætur, sem samþykkt voru á síðasta Alþingi, en áttu annars að koma til framkvæmda um næstu áramót. Hvor tveggja þessara málaflokka átti fyllsta rétt á sér, og ber að fagna því, að fjárhagsleg staða ríkissjóðs var með þeim hætti, að þetta var framkvæmanlegt.

Til viðbótar hinni hagstæðu þróun ríkissjóðs inn á við er svo þess að geta, að gjaldeyrisvarasjóðurinn, sem var að fullu uppurinn í lok vinstristjórnartímabilsins á árinu 1958, var nú um 4000 millj. kr., eða einhver sá öflugasti, sem dæmi eru til um.

Á undanförunum árum, þegar fjárlög hafa verið til umræðu á hinu háa Alþingi, hefur það ósjaldan komið fyrir, að stjórnarandstaðan hafi gagnrýnt fyrrv. ríkisstjórn fyrir síhækkandi fjárlög og útpenslu í ríkiskerfinu, sem væri einn skýrasti votturinn um vaxandi verðbólgu og ranga efnahagsstefnu. Það væri því eðlilegt, að núverandi ríkisstjórn, um leið og hún sendir frá sér sitt fyrsta fjárlagafrumvarp, gerði einhverja tilraun til þess að vera sjálfri sér samkvæm í þessum efnunum.

Hver er svo staðreyndin?

Aldrei fyrr hafa slíkar hækkanir á fjárlagafrumvarpi milli ára átt sér stað. En þar við bætist, að hæstv. fjármálaráðherra viðurkenndi við framsögu fyrir frum-

varpinu, að ýmislegt vantaði enn á, að allir útgjaldaliðir væru komnir fram, og yrði það leiðrétt í meðförum fjárveitinganefndar á frumvarpinu.

Varðandi útpensluna í ríkiskerfinu er því til að svara, að þar virðist allt stefna í eina átt: gerviráðherrum er hrúgað upp, og varla leið sá dagur á fyrstu mánuðum ríkisstjórnarinnar, að ekki fréttist um einhverja nýja fyrirhugaða ríkisstofnun eða nefnd, sem búið var að setja á laggirnar, skipaða pólitískum gæðingum.

Allt virðist því bera að sama brunni og hjá hinni fyrri Vinstristjórn: ábyrgðarleysi og ráðleysi í efnahagsmálum og stóraukin afskipti hins opinbera á athafna-sviðinu.

Á hinu fyrra tímabili Vinstristjórnar hér á landi var það ógæfa þjóðarinnar, að til forustu völdust menn, sem höfðu ekki yfirsýn yfir málin. Í einstöku góðæri sigldu þeir þjóðarskútunni í strand og hrökluðust síðan frá völdum. Við blasti algjört gjaldeyrishrun, og hengiflug óðaverðbólgu var á næsta leiti, eins og forsætisráðherra þeirra sagði.

Það kom því í hlut Viðreisnarstjórnarinnar að veita þjóðinni þá stjórnarforustu, sem dugði, — rétta við og endurheimta glatað lánstraust erlendis og byggja upp á ný varanlega gjaldeyrissjóði.

Fyrir nokkrum árum var sá háttur upp tekinn að ósk fyrirverandi fjármálaráðherra, Magnúsar Jónssonar, að kosin var innan fjárveitinganefndar undirnefnd, skipuð einum fulltrúa frá hverjum stjórnsmálaflokkum, sem sæti átti í nefndinni. Skyldi undirnefndin kynna sér á milli þinga ýmsa málaflokka og fá upplýsingar hjá forstjórum ríkisstofnana um rekstur stofnananna og annað, sem máli skipti í sambandi við rekstur þjóðarbúsins. Eins og fram hefur komið í nefnarálitum frá fyrri árum, er það álit þingmanna úr öllum flokkum, að slík vinnubrögð séu æskileg og geti haft verulega þýðingu við sjálfa fjárlagagerðina.

Að þessu sinni var óskað eftir því við stjórnsmálaflokkana, að þessi skipan mætti halda áfram, og tilnefndi hver flokkur sinn fulltrúa í nefndina. Þrátt fyrir það leið þó allt sumarið, fram á haust, að nefndin var ekki kölluð saman og ekkert samráð haft við nefndarmenn, a. m. k. frá stjórnarandstöðuflokkunum, um þau verkefni, sem fram undan voru.

Ríkisstjórnin hefur boðað gagngerar breytingar á skattaálögum og öðrum tekjustofnum ríkissjóðs, sem fela munu í sér stórfelldar álögur á þjóðina, og var því brýn nauðsyn að kynna þessar fyrirhuguðu breytingar fyrir fjárveitinganefnd og Alþingi, áður en fjárlagafrumvarpið var afgreitt í nefndinni til 2. umræðu.

Þar sem algjör óvissa ríkir enn um breytingar á tekjuhlið frumvarpsins og þá stefnu, sem ríkisstjórnin hyggst marka í skattamálum, munum við ekki flytja breytingartillögur við frumvarpið við þessa umræðu umfram það, sem fram kemur í breytingartillögum nefndarinnar á fyrrnefndum þingskjölum.

Alþingi, 12. des. 1971.

Jón Árnason,  
frsm.

Matthías Bjarnason.

Steinþór Gestsson.